



Reykjavík, 14. nóvember 2017

UMSÖGN

Viðtakandi: Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar

Sendandi: Borgarsögusafn Reykjavíkur

Tillaga um endurgerð vatnspróar við Hlemm

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 23. október sl. lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði fram svohljóðandi tillögu:

Hlemmur var áður fyrr áningarstaður fyrir hestalestir áður en haldið var úr bænum. Reykjavíkurborg stóð fyrir því, á sjötta áratug 20. aldar, að gerð var höggmynd eftir Sigurjón Ólafsson, Klyfjahesturinn, sem upphaflega átti að vera á Hlemmi. Ekki varð úr því og hún sett niður milli Suðurlandsbrautar og Miklubrautar. Nú er hins vegar búið að koma styttni fyrir á Hlemmi þar sem upphaflega stóð til að hún yrði. Hins vegar hefur vatnsprónni, sem hafði það hlutverk, að brynna hestunum ekki verið endurgerð og komið upp eins og upphaflega stóð til. Það færi vel á því að endurgera vatnspróna og koma henni fyrir þar sem hún stóð en þannig myndum við undirstrika enn frekar sögulegt gildi staðarins að Hlemmur hafi verið helsti áningarstaður hestamanna á leið úr bænum. Lagt er til að Borgarsögusafni og umhverfis- og skipulagssviði verði falið að útfæra hugmyndina.

Óskað er umsagnar Borgarsögusafns og umhverfis- og skipulagssviðs um tillöguna.

Umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur

Borgarsögusafn vísar í fyrirhugaða hönnunarsamkeppni á vegum USK, fyrir Hlemm og nágrenni í heild og fagnar því að lögð verði áhersla á að draga fram sögu svæðisins á hugmyndaríkan og fræðandi hátt. Það er eðlilegt og rétt að vísa í þá sögu sem þarna var og er að finna, hvort heldur um er að ræða vatnspróna, hlemminn sjálfan yfir Rauðarárlæk, gasstöðina og fleira. Allt er þetta merkilega saga sem vert er að draga fram á einhvern máta og styrkja þannig sérstöðu svæðisins. Frekari upplýsingar um svæðið má finna í húsakönnunum Borgarsögusafns (sjá til að mynda skýrslu númer 113, *Húsakönnun*

Snorrabraut – Hverfisgata – Rauðarárstígur – Laugavegur

http://borgarsogusafn.is/sites/borgarsogusafn.is/files/atoms/files/skyrsla_113.pdf)

Guðbrandur Benediktsson,
Safnstjóri

